

Nd.

638. Nefndarálit

[210. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í Höfðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar venjulegra aðila. Voru umsagnir þeirra jákvæðar, en fram komu ábendingar varðandi nöfn jarðanna, og flytur nefndin breytingartillögur í samræmi við það á sérstöku þskj. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. maí 1969.

Bjartmar Guðmundsson, Pálmi Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.
form., frsm. fundaskr.
Stefán Valgeirsson. Jónas Pétursson.